

Kópavogi, 25. ágúst 2021
Tilvísun: CoreData-númer

Efni fundar: Sjá dagskrá

Fundarmenn: Anna María Gunnarsdóttir, Birgir Urbancic Ásgeirsson, Freyja Hreinsdóttir, Guðmundur Engilbertsson, Haraldur F. Gíslason, Kristinn Þorsteinsson, Ragnar F. Ólafsson, Sonja Dögg Pálsdóttir, Svandís Ingimundardóttir (varamaður Karls Frímanssonar), Þorgerður Laufey Diðriksdóttir. Björk Óttarsdóttir kom inn á fundinn undir lið 4 í fundargerðinni. Sigrún Grendal kom á fundinn undir lið 6.

Fjarverandi: Ingimar Ólafsson Waage, Karl Frímansson, Gunndís Ýr Finnbogadóttir (varamaður Ingimars). Kristinn Þorsteinsson fór af fundinum kl. 14:00

Fundarritari: Ingileif Ástvaldsdóttir, starfsmaður kennararáðs

Dagskrá fundar:

1. Dagskrá fundar og fundargerð síðasta fundar
2. Tillögur frá kennararáði um hæfniramma kennara og skólastjórnenda, lágmarksviðmið í íslensku og starfsþróun.
3. Starfsáætlun kennararáðs 2021-2022 lögð fram til umræðu og samþykktar
4. Niðurstöður starfshóps um styrkingu leikskólastigsins.
5. Starfsþróun. Rafrænt kerfi til skráningar á starfsþróun
6. Önnur mál

Umræður og ákvarðanir:

1. Engar athugasemdir komu fram um dagskrá og fundargerð síðasta fundar sem skoðast því samþykkt.
 2. Formaður upplýsti að tillögur frá kennararáði um hæfniramma kennara og skólastjórnenda, lágmarksviðmið í íslensku og starfsþróun var skilað til mennta- og menningarmálaráðuneytis 7. júlí 2021. Ráðuneytið vannur reglugerðina í framhaldinu.
 3. Formaður kynnti og lagði fram tillögu að starfsáætlun kennararáðs fyrir 2021-2022. Umræður urðu um fjórða lið áætlunarinnar og rætt um störf undanþágunefndar varðandi þann hluta. Formanni kennararáðs falið að óska eftir því við formann undanþágunefndar að hann komi á fund kennararáðs og geri grein fyrir störfum hennar og álitamálum.
- Tillaga formanns að starfsáætlun kennararáðs fyrir 2020-2021 var samþykkt.
4. Björk Óttarsdóttir kynnti niðurstöður starfshóps um styrkingu leikskólastigsins og nýútgefna skýrslu hópsins.
- Rætt um orðanotkun í skýrslunni t.d. kennari og leikskólakennari og hvort það hafi verið meðvituð notkun að nota leikskólakennari umfram kennari eins og ný lög gera ráð fyrir.

Einnig rætt um tillögu starfshópsins sem snýr að styrkveitingu til þeirra sem eru þegar með B.Ed próf frá því fyrir 2008. Styrkveitingin er hugsuð til að efla kennara á vettvangi til að bæta við sig meistaraþráður, svo sem MT eða MEd gráðu.

Spurt um forgang verkefna í skýrslunni og svaraði Björk Því til að verkefni ráðuneytisins væru helst að endurskoða afmarkaða þætti aðalnámskrár og reglugerðar um starfsumhverfi leikskóla og það yrði gert í samráði við FL, FSL og Samband ísl. sveitarfélaga.

Að auki var rætt um íslenskukennslu fyrir börn og starfsmenn leikskólastigsins með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

5. Anna María Gunnarsdóttir sagði frá starfi og tillögum vinnuhóps um starfsþróun. Hún ræddi sérstaklega tillögurnar sem hópurinn leggur til að kennararáðið fjalla um og beiti sér fyrir á komandi starfsári.

Undir þessum lið lagði formaður ráðsins fram hvatningu þess til stjórnar KÍ um rafrænt kerfi sem kennarar geta nýtt til að halda utan um eigin starfsþróun.

6. Sigrún Grendal fór yfir punkta frá Félagi tónlistarkennara og stjórnenda í tónlistarskólum vegna bókunar á fundi kennararáðs 27. maí 2021 þar sem fjallað var um hæfniramma kennara. Það er mat félagsins að orðalag fundargerðarinnar hafi verið óheppilegt.

Kennararáð tekur undir mat FT og formaður lagði fram minnisblað með nýju orðalagi:

Niðurstaðan er að lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda taka til leik-, grunn- og framhaldsskóla, sbr. 1. gr. laganna. Hæfniramma, sem ráðið gerir tillögu að, fjalla um hæfni sem kennarar og skólastjórnendur á umræddum skólastigum skulu búa yfir.

Þeir tónlistarkennarar sem starfa og/eða horfa til þess að starfa við kennslu í leik-, grunn- eða framhaldsskóla en hafa ekki leyfisbréf til kennslu geta sótt um leyfisbréf en útgáfa leyfisbréfs er háð því að umsækjandi uppfylli skilyrði laganna.

Ekki er gerð krafa um leyfisbréf til að starfa í tónlistarskólum og nær lögverndun starfsheitisins kennari því ekki til tónlistarskóla. Um rekstur tónlistarskóla gilda sérstök lög.

Næsti fundur: 23. september kl. 13-15

Undirskrift/ upphafsstafir fundarritara: IÁ